



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

77. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 5.maí 1983 kl. 5 e.h. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Halldór Guðmundsson, Eggert Ólafsson, Bogi Hallgrímsson, Hreinn Ásgrímsson, Ingimundur Guðnason, Sturlaugur Ólafsson fulltrúi kennara, Ægir Sigurðsson, áfanga-stjóri og Valtýr Guðjónsson, ritari nefndarinnar.

Þetta gerðist:

1. Skólameistari tilkynnti að áformað væri að slíta skólanum að þessu sinni hinn 21. maí n.k. kl. 10³⁰ í Keflavíkurkirkju, með venjulegum hætti. Við athöfnina er m.a. ráðgert að skólakórinn syngi. Í umræðu var minnst á að e.t.v. væri rétt að athöfn þessi færi fram í Grindavík næst.
2. Skólameistari upplýsti að þau Ann Patricia Aylett, Gunnar Jónsson og Guðbjartur Gunnarsson hætti kennslu við skólann. Mælti hann til þeirra þakkarorð fyrir störf við skólann. Hann tilkynnti einnig að Skúli Benediktsson hefði ekki sótt um kennslu næsta skólaár, en Sigurlaug Kristmannsdóttir hefur sótt um endurráðningu og mælti skólanefnd með umsókninni. Þá var samþykkt að mæla með því að Guðni Kjartansson, Hjálmar Árnason, Maja Loebell og Sigríður Bílddal yrðu skipuð kennarar við skólann.
3. Reikningar skólans fyrir árið 1982, dagsettir í febrúar s.l. voru lagðir fram, ræddir og samþykktir. Niðurstöður á rekstursreikningi voru:

Laun vegna rekstrar skólans	kr. 1.048 þús.
Önnur rekstrargjöld	" 2.345 "
Námsbrautir	" 370 "
	3.763 þús.

Hlutur sveitarfélaganna í hinum sameiginlega rekstri, kr. 2.232 þús. greiddist með ágætum. Fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 1982 gerði ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð kr. 3.826 þús. Urðu því niðurstöður kr. 63 þús. undir áætlun. Kennaralaun úr ríkisbókhalði voru gefin upp í árslok kr. 8.180 þús. Í fjárlögum 1982 var af hálfu ríkissjóðs áætlað í heild til rekstrar skólans kr. 6.677 þús. Virðist þar því vanta á um 3.000 þús. miðað við niðurstöður á kennslukostnaði og aðra umsamda hlutdeild hans í rekstri. Stofnkostnaður á árinu nam kr. 1.245 þús en var áætlaður kr. 2.100 þús.

4. Vegna undirbúnings fjárlaga fyrir árið 1983 samþykkti skólanefnd af sinni hálfu áætlun um laun v. rekstur, önnur rekstrargjöld og námsbrautir fyrir það ár, kr. 10.419 þús og til stofnkostnaðar kr. 3.600 þús., allt skv. sundurliðun. Undir þessum lið var og rætt um leigurá húsnæði fyrir rafiðnabraut í húsi "Rafmagnsverktaka" við Iðavelli, a.m.k 1 stafgólf, $190\text{ m}^2 \times 2$, þar eð rými á Iðavöllum 1 er orðið ófullnægjandi, enda upphaflega ætlað undir hársnyrtíbraut. Ennfremur var rætt um makaskipti á húsum. Samþykkt að athuga þessi mál nánar. Þá lá og fyrir fundinum kostnaðaráætlun frá Verkfræðistofu Suðurnesja, gerð að beiðni skólanefndar um viðbyggingu við hús skólans við Sunnubraut, (sbr. skipulagsuppdrátt). Grunnmynd fylgdi. Vísað er til fyrri fundangerða og umræðna um skort á kennslurými. Kostnaðaráætlun nemur, eftir stærðarhlutföllum, frá 22.4 milj. til 27.3 millj. króna, miðað við verðlag í mars 1983. Málið verður tekið fyrir síðar. (Sjá fylgiskjal).

5. A. Skólameitari minntist látins nemanda: Sveinn Gunnar Gylfason lést skyndilega 4. apríl sl. Hafði hann stundað nám við skólann í vetur. Vottaði nefndin aðstandendum hans samúð sína.

B: skólameistari skýrði frá málfræðiráðstefnu sem haldin var í vöruhaldi í Reykjavík dagana 15. og 16. apríl sl. Ráðstefnuna sóttu rösklega 160 kennarar og áhugamenn víðs vegar að af landinu. Tókst hún að allra dómi mjög vel, og er von á skýrslu um niðurstöður síðar. Ráðstefnan var undir forystu skólamanna héðan að sunnan, þeirra Baldurs Sigurðssonar, Hjálmars Arnasonar og Jóns Böðvarssonar.

C. 19. apríl komu í heimsókn í skólann 3 skólanefndarmenn, auk skólastjóra, frá Húsavík. Vildu þeir kynna sér fyrirkomulag og þróun framhaldsskóla eins og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Á dagskrá hjá þeim mun vera undirbúningur að stofnun framhaldsskóla. Skólameistari og aðstoðarskólameistari leystu úr spurningum þeirra eftir föngum

D. Dagana 24. apríl til 3. maí sl., var skólameistari ásamt tveim öðrum skólamönnum af Íslandi á ferð í Svíþjóð og Danmörku til þess að kynna sér þar stjórn og skipulag iðnfræðslu auk ýmisskonar tölvufræða. Skilar hann skýrslu þess efnis síðar. Í Kaupmannahöfn fóru þeir á fund Magnúsar Magnússonar og Agnars Höskuldssonar, lektors í tölvufræðum. Magnús ætlar í sumar til London til þess að kynna sér þar nýjustu tækni á þessu sviði. Þau gögn sem hann kynni að finna þar vill hann láta hinum íslensku aðilum sem að ferðinni stóðu í té gegn kr. 10.000 d.kr. Samþykkt var að F.S. greiddi þriðjung þeirrar upphæðar. Íslendingar þurfa að stefna að því að verða fremstir norrænna þjóða í hagnýtingu tölvunnar. Samþykkt var að kosta uppihald skólameistara í ferðinni, c. kr. 22.000.-

E. Formaður skólanefndar ítrekaði æskilega heimsókn skólanefndar Fjölbrautaskóla Akraness hingað, einn og til hefur staðið um sinn.

Fleira ekki gert.

Valtýr Guðjónsson.